



## Varðandi bólusetningar barna gegn SARS-CoV-2

Okkur barnalæknum berast spurningar varðandi bólusetningar barna og þá sérstaklega þeirra sem glíma við undirliggjandi sjúkdóma.

Þau atriði sem við teljum að þurfi að hafa í huga eru m.a. eftirfarandi:

- Börn smitast síður en fullorðnir og verða síður alvarlega veik. Engu að síður smitast sum börn, veikjast og geta einnig smitað aðra.
- Birtar rannsóknir á virkni og aukaverkunum bóluefna gegn COVID-19 hafa ekki enn tekið til barna nema í afar takmörkuðum mæli þó slíkar rannsóknir séu í undirbúningi.
- Eina bóluefnið sem hefur hlotið leyfi Evrópsku lyfjastofnunarinnar (EMA) er bóluefni Pfizer/Biontech og er það ekki skráð fyrir börn.

Því er erfitt að setja fram ráðleggingar varðandi bólusetningar á börnum þar sem gögn liggja ekki fyrir. Færa má rök fyrir því að ekki sé brýn nauðsyn þess að bólusetja börn snemma þar sem þau sýkjast síður en fullorðnir. Hins vegar eru hópar barna með alvarlega sjúkdóma sem þarf að vernda. Dæmið er því snúið.

Við teljum að almennt sé ekki ráðlegt að bólusetja börn að svo stöddu. Vangaveltur okkar eru á þessa leið:

- Ungmenni >16 ára og með skilgreinda áhættuþætti þ.e. alvarlega undirliggjandi sjúkdóma, t.d. alvarlega meðfædda hjartagalla, lungnasjúkdóma, ónæmisgalla eða með mikla ónæmisbælingu mætti flokka sem sem unga fullorðna og bólusetja sem slíka.
- Heimilisfólk barna <16 ára með alvarlega sjúkdóma og þurfa mikla umönnun foreldra þar sem sýkingar gætu verið lífshótandi ætti að vera í forgangshópi til að vernda barnið, s.k. hjúpunar-aðgerð (e. cocoon strategy) .
- Börn á aldrinum 5-15 ára gætu komið til greina í undantekningatilfellum, sérstaklega þegar meiri reynsla er komin á bóluefnið. Þetta gildir þá nánast eingöngu um börn þar sem sýkingar gætu verið lífshótandi vegna áðurnefndra áhættuþátta. Ábyrgð framleiðanda tekur þó ekki til slíkra bólusetninga.
- Börn <5 ára ættu almennt ekki að vera bóluset (nema í undantekningatilfellum) fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir og séu með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma eins og að ofan greinir. Ábyrgð framleiðanda tekur ekki til slíkra bólusetninga.
- Ekki liggur fyrir ákvörðun um að bólusetja unglínga og framhaldsskólanema að svo stöddu nema þau uppfylli ofangreind skilyrði.

Þegar frekari gögn um bólusetningar barna gegn COVID-19 berast og fleiri bóluefni hljóta leyfi lyfjastofnana munum við að sjálfsögðu endurskoða þessar leiðbeiningar.

Ásgeir Haraldsson,  
prófessor í barnalækningum,  
yfirlæknir og forstöðumaður fræðasviðs,  
Barnaspítala Hringingsins,  
Landspítali - háskólasjúkrahús  
101 Reykjavík

Valtýr Stefánsson Thors,  
Barnalæknir, sérfræðingur í  
smitsjúkdómum barna, kennslustjóri  
framhaldsnáms í barnalækningum  
Barnaspítala Hringingsins,  
Landspítali - háskólasjúkrahús  
101 Reykjavík

sími.: +354 5433050  
[t-póstur: asgeir@lsh.is](mailto:asgeir@lsh.is)

sími: +354 543 3020  
[t-póstur: valtyr@lsh.is](mailto:valtyr@lsh.is)